



HÁSKÓLI ÍSLANDS

# Setningarugl?

Tengdar nafnháttarsetningar með frumlagi

Eiríkur Rögnvaldsson

Íslensku- og menningardeild



# Blandaða setningagerðin

- Tvímyndir með sömu merkingu:
  - Mér fannst [að ég væri ríkur].
  - Mér fannst [ég vera ríkur].
- Samsláttur (nær) óhugsandi í nútímamáli:
  - \*Mér fannst [að ég vera ríkur].
- „Setningarugl“ (Björn Guðfinnsson 1940):
  - Mjer fanst ávalt *að* hún *vera* í nánd við mig.
- Fjölmörg dæmi á 19. öld og f.hl. 20. aldar
  - hér nefnd „blandaða setningagerðin“



# Rafræn gagnasöfn

- Ýmis gagnasöfn voru nýtt til dæmaleitar:
  - Safn 19. aldar einkabréfa ([brefasafn.arnastofnun.is](http://brefasafn.arnastofnun.is))
  - [timarit.is](http://timarit.is), safn blaða og tímarita frá 19.-21. öld
  - [baekur.is](http://baekur.is), bækur frá 18. og 19. öld
  - Íslenskt textasafn
  - Ritmálssafn Orðabókar Háskólans
  - Mörkuð íslensk málheild
  - Sögulegi íslenski trjábankinn, IcePaHC
  - Netútgáfan, ýmsir textar (einkum skáldsögur)
  - Ordbog over det norrøne prosasprog



# Aðrar rafrænar heimildir

- Ritroðin *Sýnisbók íslenskrar alþýðumenningar*
  - *Burt – og meir en bæjarleið*
  - *Elskulega móðir mín, systir, bróðir, faðir og sonur*
  - *Landsins útvöldu synir*
- *Bréf Vestur-Íslendinga*
- Uppskriftir viðtala og frásagna Vestur-Íslendinga
  - 1972 (HÖE og OMF; um 130 málhafar)
  - 1982 (GS; 4 málhafar)
  - 2013-2014 (HP o.fl.; um 60 málhafar)



# Tvímyndir sjaldgæfar í fornu máli

- Tvímyndir með *sýnast*:
  - Sýnist mér að eg sé eigi meir vanvirður í þessu máli en Hallvarður. (*Ögmundar þáttur dytts*)
  - Þorsteini sýndist maðurinn vera hinn fríðasti. (*Vatnsdæla saga*)
- Tvímyndir með *virðast*:
  - að svo litlum sökum sem mönnum virtist að Þorgils hefði til gert við biskup. (*Þorgils saga skarða*)
  - eg vildi gjarna að þú hefðir góða kosti en mér virðist hann vera vel til þín. (*Harðar saga og Hólmverja*)



# Frumlag í tengdum nafnháttarsetningum

- Elstu dæmi um blandaða setningagerð, 1829
  - og þókti hœnum ad eg vera knár og lagligur á verkum á þeim aldri. (*Ármann á Alþingi*)
  - Að sönnu finnst mér stundum að það vera farinn að lifna í mér ofurlítill Musa. (Brynjólfur Pétursson, *Bréf*)
- Dæmi úr fyrstu íslensku skáldsögunni, 1850:
  - Sá var annar draumur hennar, að henni þótti að Björg systir sín koma til sín. (*Piltur og stúlka*)
- Tilfinninga- og skynjunarsagnir
  - *finnast* langalgengust; *þykja*; *sýnast*, *virðast*



# Tengdar frumlagslausar nafnháttarsetningar

- Dæmi úr ritum og bréfum frá upphafi 19. aldar
  - Þessi fridur sýnist einasta ad vera gjörður til málamindar. (*Minnisverð tíðindi* 1803)
  - sérlegar tíðarinnar kríngumstædur sýnast ad hafa giört slík óhöpp óumflýanleg. (*Íslensk sagnablöð* 1816)
  - Þar nú þvílíkt vyrdist ad vitna um ad hún vitskérðt eda fálkud væri ad minnsta kosti med køblum. (*Klausturpósturinn* 1825)
  - madur hafdi farist firir snioflodi i Fagradal og sinist ad vera miög slisa hætt það af er vetrinum. (1824)



# Setningar með *sýnast* og *virðast* í nútímamáli

- Tengd persónuháttarsetning með frumlagi
  - Mér virðist [að hún sé rík].
- Ótengd nafnháttarsetning með frumlagi
  - Mér virðist [hún vera rík].
- Ótengd frumlagslaus nafnháttarsetning
  - Hún virðist [vera rík].
- En ekki tengd frumlagslaus nafnháttarsetning
  - \*Hún virðist [að vera rík].





# Tengsl setningagerðanna

- Frumlag *sýnast* og *virðast* er oft úr aukasetningu
  - \_\_\_ virðist [hún vera rík].
  - Hún<sub>i</sub> virðist [\_\_\_<sub>i</sub> vera rík].
- Ýmis rök fyrir lyftingu, t.d. fallmörkun
  - \_\_\_ virðist [henni vera kalt].
  - Henni<sub>i</sub> virðist [\_\_\_<sub>i</sub> vera kalt].
- Yfirfærsla á tengdar setningar
  - \_\_\_ virðist [að hún vera rík].
  - Hún<sub>i</sub> virðist [að \_\_\_<sub>i</sub> vera rík].



# Setningarstaða *sýnast* og *virðast* í fornu máli

- *sýnast* í fornu máli – engin rök fyrir lyftingu
  - En ef mér sýnist að veita þér lið þá munum við vel mega tala um það síðar. (*Brennu-Njáls saga*)
- Frumlagslyfting með *virðast*?
  - að allsvaldandi guð virtist að líta miskunnaraugum á þann lýð er Ísland byggði. (*Piðrandi þáttur*)
- Stýrisögn fremur en lyftingarsögn?
  - allsvaldandi guð<sub>i</sub> virtist [að FOR<sub>i</sub> líta ...].
  - allsvaldandi guð<sub>i</sub> virtist [að \_\_\_\_<sub>i</sub> líta ...].



## 16.-18. öld – sennilega stýrisagnir

- Dæmi frá 16. öld og fram í lok 18. aldar:
  - Fær hann þá að líta dýrðarverk almáttugs guðs er hann virðist að veita sínum ástvin. (*Reykjahólabók*)
  - að hann virtist að skapa og mynda vort hold og bein. (*Hugvekjur* Gerhards)
  - En hinn náðugi Guð virðist að varðveita sín börn. (*Vídalínspostilla*)
  - að hinn sanni Guð vor faðir virðist að blessa oss öllum föðurlandið. (*Brúðkaupssiðir* Eggerts)
  - hvar til hann virðist að leggja til sitt fulltingi. (*Ævisaga* séra Jóns Steingrímssonar)



# 17.-18. öld – hugsanlega lyftingarsagnir

- Dæmi frá 17. öld og fram á 18. öld
  - sá sami virðist ekki að hafa brest á nokkri gjöf. (Guðmundur Andrésón, *Deilurit*)
  - að vitsmunaleyti ekki færir að mönnum virðist að setja dóm yfir hrossum í haga. (*Píslarsagan*)
  - Þeirra sjálfræði sýndist að vera í annarra valdi. (*Reisubók Jóns Indíafara*)
  - eitt grenistykki, hér um 6 al., virðist að vera af brotnri siglurá. (*Alþingisbækur Íslands 1725*)
  - Þeir [...] sýndust at hafa meðaumkan með minne ólukku. (Holberg/Jón úr Grunnavík, *Nikulás Klím*)



# Tvíræð dæmi – endurtúlkun

- Frumlagslyfting?
  - og ein á meðal þeirra, sem allar sérdeilislega sýndust að þjóna, og kallaðist drottning. (*Stuttur siðalærdómur*, 1799)
  - Allt virðist að vera herra Mannasetur; á alla vega stór- og smástaðir. (Magnús Stephensen, 1809)
- Endurtúlkun – stýrisögn > lyftingarsögn
  - Hann<sub>i</sub> virðist [að FOR<sub>i</sub> so<sub>nh</sub> ...].
  - Hann<sub>i</sub> virðist [að \_\_\_\_<sub>i</sub> so<sub>nh</sub> ...].



# Yfirfærsla á ótengdar setningar – lyfting

- Þá getur orðið lyfting úr ótengdum setningum
  - \_\_\_ virðist [hann so<sub>nh</sub> ...].
  - Hann<sub>i</sub> virðist [\_\_\_<sub>i</sub> so<sub>nh</sub> ...].
- Ótengdar frumlagslausar setningar á 18. öld
  - því þat sýndist hafa nockra samlíking með því stande. (Holberg/Jón úr Grunnavík, *Nikulás Klím*)
  - virðist farsæla ráðahag ykkar sem sýnast vera hvört öðru útvalin besti ektamaki. (*Brúðkaupssiðir* Eggerts)
  - sem eldurinn sýndist ætla að eyðileggja það guðshús. (*Ævisaga* séra Jóns Steingrímssonar)



# Blandaða setningagerðin verður til

- Þessar setningar eru því taldar hliðstæðar:
  - Hann<sub>i</sub> virðist [að \_\_\_\_<sub>i</sub> so<sub>nh</sub> ...]. (endurtúlkun)
  - Hann<sub>i</sub> virðist [\_\_\_\_<sub>i</sub> so<sub>nh</sub> ...]. (yfirfærsla)
- En frumlagslyfting er ekki alltaf nauðsynleg
  - Hann<sub>i</sub> virðist [\_\_\_\_<sub>i</sub> vera ríkur]. (yfirfærsla)
  - Mér virðist [hann vera ríkur]. (upphaflegt)
- Það er fært yfir á tengdar nafnháttarsetningar
  - Hann<sub>i</sub> virðist [að \_\_\_\_<sub>i</sub> vera ríkur]. (endurtúlkun)
  - Mér virðist [að **hann** vera ríkur]. (yfirfærsla)



# Dæmum og sögnum fjölgar eftir miðja 19. öld

- Nýjar sagnir í bréfum: *dreyma, minna, heyrast*
  - sofnaði Sigríður og dreimdi að þú koma til sín. (1878)
  - mig minnir að jeg seia þjer firri að jeg rjeði mig hjer í 8 mánuði. (1880)
  - Ögn sýndist mjer og heyrðist að biskupinn vera orðinn fyrir gengilegur. (1886)
- Síðar bætist *skiljast* við
  - Honum hefir skilist, að hann vera einn í hópi þeirra. (*Heimskringla* 1918)






# Staða neitunar og annarra atviksorða

- Neitun stendur langoftast á undan nafnhætti
  - og í raun og veru fynnst mjer að jeg ekki geta elskað neina stúlku hjeðanaf. (1877)
  - mér fanst helst á honum, að hann ekki vera sem ánægðastur yfir atferli mínu. (*Lögberg* 1910)
- Önnur háttaratviksorð standa líka á undan nh.
  - í annan stað finst mjer að þú vel hafa getað sneitt hjá að láta skoðun þína í ljós. (1889)
  - Mér finnst að hann oft ekki vera með réttu ráði. (*Þjóðviljinn* 1940)



# Tíðniþróun blönduðu setningagerðarinnar

- Hlutfallsleg tíðni *að* + persónufornafn + *vera*  
– á tímarit.is, miðað við heildartextamagn hvers tíma





# Villur

- Mörg dæmi frá síðustu árum eru augljósar villur
  - Þetta var ekki dagur Keflvíkinga og ljóst að þeir vera að taka sig á. (*Morgunblaðið* 1999)
  - þá hlýtur að það vera til þess að bjarga stjórninni fremur en hitt. (*Fréttablaðið* 2009)
- Önnur dæmi geta verið vafamál
  - einkum dæmi með öðrum sögnum en tilfinninga- og skynjunarsögnum
- En útilokað er að afgreiða öll dæmin sem villur
  - og því hæpið að tala um „setningarugl“



# Dæmi úr töluðu máli

- *Nú – nú, bókin sem aldrei var skrifuð*
  - Það er dálítill hiti kominn í talið og Sigurði finnst, að hann fara heldur halloka. (1970)
- Dæmi úr viðtölum við Vestur-Íslendinga
  - þá kalla ég á fósturforeldra mína, sem mér fannst að vera að standa í eldhúsinu. (1972)
  - ég var þar bara hálfan annan mánuð því að bróður mínum fannst að hann vinna mér of hart. (1982)
  - og mér sýnist að strákurinn vera þreyttur. (2013)



# Vesturíslensk dæmi í blöðum og tímaritum

- Allmörg dæmi eru úr *Draupni* og *Dvöl*
  - sem Torfhildur Hólm gaf út eftir Vesturheimsdvöl
- 1890-1899 eru meira en  $3/4$  dæma vesturíslensk
  - hlutfall vesturíslenskra blaða aðeins 15-20% af texta
- Vesturíslensk dæmi meira en  $1/3$  af heild til 1960
  - þá er hlutfall vesturíslenskra blaða ekki nema 2-3%
- Stór hluti vesturfara úr Þingeyjar- og Múlasýslum
  - var blandaða setningagerðin útbreiddari þar?



# Samkeppni setningagerða

- Sprenging í notkun á síðasta áratug 19. aldar
  - síðan hægfara lækkun og loks hvarf um 1980
- Blandaða setningagerðin var aldrei algeng
  - átti í samkeppni við tvær aðrar víðtækari
  - hugsanlega mörkuð formgerð
- Ritgerðarefni í Lærða skólanum:
  - Hví leitast svo margir við að sýnast það, sem þeir eru eigi? (1874)
  - Hví leitast svo margir við að sýnast að vera það, sem þeir eru eigi? (1877)



## Neikvætt viðhorf á 20. öld

- Setningagerðin hefur líklega verið talin rangt mál
  - Jakob Jóh. Smári (1920): „Þetta ber að varast“
  - sbr. dóm Björns Guðfinnssonar (1940): „setningarugl“
- Úr ritdómi, 1977 – höf. f. 1892, ritdómari f. 1910
  - En aðeins á einum stað kann ég ekki við málfarið. Það er þar sem segir: „En mig minnir fastlega, að það ekki vera spenvolga mjólkín úr kúnum, sem við fengum, heldur væri hún flóuð“. Í minni sveit hygg ég að hefði verið sagt: „að það væri ekki“.
- Neikvætt viðhorf hefur varla náð til Vesturheims



# Niðurstöður

- Blandaða setningagerðin kemur upp um 1800
  - eitthvað fyrr í frumlagslausum nafnháttarsetningum
- Stafar af endurtúlkun *sýnast* og *virðast*
  - sem frumlagslyftingarsagna í stað stýrisagna
- Mest áberandi um 1900
  - hnignar smátt og smátt og er nær horfin um 1980
- Alla tíð mun meira notuð í vesturíslensku
  - lifir þar jafnvel enn
- Ástæða hvarfs á Íslandi e.t.v. neikvæð viðhorf





Takk fyrir áheyrnina!

[eirikur@hi.is](mailto:eirikur@hi.is)